

Minnisblað

Viðtakandi: Umhverfisstofnun Alþingis
Sendandi: Umhverfisstofnuneytið
Dagsetning: 12. maí 2004
Málsnúmer: UMH03070047
Bréfalykill: 0012

Efni: Skýringar við B-lið 10. gr. frumvarps til laga um breytingu á
lögum nr. 64/1994

Í samræmi við umræður á fundi Umhverfisstofnunar Alþingis þann 21. apríl 2004
er lagt til að við B-lið 10 gr. frumvarpsins bætist við grein sem heimilar
að stuggað sé við erni í friðlýstum æðarvörpum, og að hún hljóði svo:

"Heimilt er þó að stugga við örunum sem halda til eða sjást í
friðlýstum æðarvörpum, svo fremi sem fuglunum sjálfum, hreiðrum
þeirra, eggjum og ungum er ekki hættu búin. Þó er óheimilt að stugga
við hreiðurörnum innan tveggja km frá arnarvarpstað. Ráðherra setur
reglugerð um þær aðferðir sem heimilt er að nota til að stugga við
örnum í friðlýstum æðavörpum."

Grein þessi er byggð á 1. mgr. 4. gr. gildandi reglugerðar um friðun
tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar,
hamskurð o.fl. nr. 525/1996. Með þessu ákvæði er verið að koma til móts
við sjónarmið æðarbænda en skv. í 2. mgr. 6. gr. laganna er lagt bann við
að trufla villt dýr. Þar segir orðrétt: "Ávallt skal gæta fyllstu varkárni
og nærgætni gagnvart villtum dýrum og lífsvæðum þeirra og forðast óþarfa
truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og
lífsvæða þeirra, sbr. l. 44/1999 og l. 73/1997."

Ofangreind tillaga að breytingu á frumvarpinu mun því hafa í för með sér að
skýrt er kveðið á um að æðabændur hafa heimild til að stugga við örunum í
friðlýstum æðarvörpum, þ.e. hagsmunir æðabænda eru taldir vera meiri af því
að halda erninum í burtu en arnarins í að afla sér fæðu í friðlýstu
æðarvarpi. Hins vegar er lagt til að þetta ákvæði eigi ekki við innan
tveggja kílómetra frá arnarhreiðri. Ákvæðið mun því í raun heimila bændum
að fæla í burt erni frá friðlýstum æðarvörpum með þeirri undantekningu að
slíkt sé ekki heimilt innan við tveggja kílómetra radíus frá arnarhreiðri,
þar gildir 2. mgr. 6. gr. laganna sem leggur bann við því að trufla villt
dýr.